

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum frá skipulagsráði Akureyrar hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið að bannað er að leggja eða stöðva ökutæki við vesturkant Kaldbaksgötu, milli Gránufélagsgötu og Strandgötu annars vegar og austurkant Laufásgötu, milli Strandgötu og Gránufélagsgötu hins vegar, allan sólarhringinn frá 1. júní til 25. september 2017.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 23. janúar 2017.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2017